

Brjef dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til sýslumanns- 75
 ins í Strandasýslu um flutning þingstaðar. 12. des.

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í brjefi dags. 18. f. m., og beiðni hreppsnefndarinnar í Kirkjubólshreppi, veitir ráðuneytið hjermeð samþykki sitt til þess að þingstaður umgetins hrepps sje fluttur frá Kirkjubóli að Heydalsá, enda annist hreppsnefndin um það, að jafnan verði til á hinum nýja þingstað hús til þinghaldanna.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.

REGLUGJÖRÐ

um

bann gegn innflutningi á óþörfum varningi.

76
7. maí

Samkvæmt heimild í lögum nr. 1, 8. mars 1920, um heimild fyrir landsstjórnina til að takmarka eða banna innflutning á óþörfum varningi eru hjermeð sett eftirfarandi ákvæði um bann gegn innflutningi slíks varnings.

1. gr.

Eftir greindar vörutegundir er bannað að flytja til landsins:

- a. Fiskmeti, nýtt, saltað, hert, reykt eða niðursoðið. Kjötmeti og pylsur, nýtt, saltað, þurkað, reykt, eða niðursoðið. Niðursoðnir, syltaðir og sykraðir ávextir. Ávaxtamauk, hnetur, makrónudeig. Kaffibrauð allskonar og kek, annað en matarkek. Lakkrís, síróp, hunang, brjóstsykur, karamellur, konfekt, marsipan. Limonaði, sóðavatn, óáfeng vín, Ilmvötn, hárvötn, hársmyrsl. Baðlyf. Lifandi jurtir og blóm, tilbúin blóm, jólatrje og jólatrjeskraut. Tilbúin stofugögn og hlutar úr þeim. Loðskinn og fatnaður úr þeim, skinntreyjur og skinnvesti, silkihattar, floshattar, hanskar, reiðtýgi, töskur, veski og aðrar vörur úr skinni, lakkskór, silkiskór, flosskór, sólhlífar, kniplingar, silki og silkivarningur. Fiður, dúnn, skrautfjaðrir. Veggmyndir, myndabækur og myndarammar, rammalistar, glysvarningur og leikföng allskonar, flugeldar og flugeldaefni. Hljóðfæri allskonar og grammófónplötur. Úr, klukkur, gullsmíðisvörur, silfursmíðisvörur, plettvörur, gimsteinar og hverskonar skrautgripir, eirvörur, nýsilfurvörur, nikkelvörur. Legsteinar.